

SJÁLFSMATSSKÝRSLA
FJÖLBRAUTASKÓLA
SUÐURNESJA 2015-2016

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Lýsing og aðferð	2
Niðurstöður	2
1 Stjórnun og skipulag	2
1.1 Um stefnur og áætlanir	2
1.2 Um stjórnendur	3
1.3 Um skipulag, verkferla og verklagsreglur	3
1.4 Um innra mat.....	3
2 Kennsla og námsframboð	4
2.1 Um nám og kennslu.....	4
2.2 Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur	4
2.3 Um námsmat	5
2.4 Um kennara	5
2.5 Um námsgögn	5
3 Samskipti og líðan.....	6
3.1 Um skólabrag	6
3.2 Um samskipti í skólastofunni	6
3.3 Um félagslíf nemenda.....	6
3.4 Um samskipti við foreldra/forráðamenn.....	6
3.5 Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf	7
4 Húsnæði og aðbúnaður.....	7
4.1 Mat á húsbúnaði og aðbúnaði.....	7
5 Lykilárangur	8
5.1 Um námsárangur	8
5.2 Um árangur í grunnþáttum.....	8
5.3 Um langtímaárangur	8
6 Tillögur til úrbóta	9
6.1.1 Stjórnun og skipulag	9
6.1.2 Kennsla og námsframboð	9
6.1.3 Húsnæði og húsbúnaður.....	9
6.1.4 Lykilárangur	9

Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum á mati starfsmanna og stjórnenda Fjölbautaskóla Suðurnesja á innra starfi skólans. Í matinu er sjónum beint að fimm þáttum, stjórnun og skipulagi, kennslu og námsframboði, samskiptum og líðan, húsnæði og húsbúnaði og lykilárangri skólastarfsins og mat lagt á þessa þætti.

Á yfirstandandi hausti mun ráðuneyti Mennta -og menningarmála gera úttekt á starfi Fjölbautaskóla Suðurnesja. Sjálfsmatsskýrslan er unnin í tengslum við það mat.

Lýsing og aðferð

Við vinnslu sjálfsmatsskýrslunnar var ákveðið að fara þá leið að mynda fjóra hópa. Hóparnir fóru yfir viðmið og leiðbeiningar vegna ytra mats á framhaldsskólum og lögðu mat á þá þætti sem þar eru taldir til. Um var að ræða tvo átta manna hópa kennara/starfsmanna af hinum ýmsu sviðum skólans, bæði bóknámskennurum, verknámskennurum, starfsmönnum af starfsbraut, námsráðgjafa og bókasafnsverði. Þriðja hópin myndaði matsnefnd skólans og þann fjórða stjórnendur.

Allir hóparnir fóru yfir viðmiðin sem fyrir lágu. Niðurstöður voru síðan teknar saman. Skýrslan var síðan unnin í samvinnu matsnefndar og stjórnenda.

Niðurstöður

1 Stjórnun og skipulag

1.1 Um stefnur og áætlanir

Stefnur og áætlanir skólans eru birtar á heimasíðu FS og eru þar aðgengilegar öllum. Þar er birt starfsmannastefna, forvarnarstefna, mannelisstefna, umhverfisstefna, jafnréttisáætlun, heilsustefna, upplýsingar um verklag við afgreiðslu kvartana, áætlun gegn einelti og viðbragðsáætlanir gegn farsóttum, almannavá og áföllum¹. Þar er einnig að finna framtíðarsýn og markmið skólans. Þessar áætlanir voru unnar í samvinnu kennara/starfsmanna og stjórnenda skólans á árunum 2009-2015 og endurskoðaðar reglulega. Grunnþættir menntunar koma fram í kaflanum um hlutverk FS.² Hóparnir eru nokkuð sammála um að verklag þessara þátta sé gott og samræmist þeim kröfum sem gerðar eru.

¹ <http://www.fss.is/index.php/skolinn/almennar-upplýsingar/stefnur-og-adgerdaaetlanir/vidhbragdhsaaetlanir>

² <http://www.fss.is/index.php/skolinn/almennar-upplýsingar/hlutverk-og-aherslur>

1.2 Um stjórnendur

Hóparnir eru sammála um að gott traust ríki milli starfsmanna og stjórnenda FS. Þetta styðja niðurstöður úr könnunum SFR um fyrirmyndarstofnun, en þar hefur FS verið í 2. sæti í flokki stærstu ríkisstofnana síðastliðin tvö ár.³ Umtalsverðan hluta þessarar niðurstöðu má rekja til þeirra þátta er lúta að stjórnendum. Hóparnir eru sammála þessu. Þegar kemur að því að virkja foreldra og nemendur til samstarfs um stefnu skólans, og hvernig hún skuli framkvæmd, má nefna að foreldrafélagið, sem var stofnað í september 2009⁴, og nemendur sem eiga fulltrúa í skólanefnd. Almennur foreldrafundur er haldinn á haustin og auk þess eru forráðamenn barna á sumum námsbrautum boðaðir sérstaklega til viðtals um nám þeirra. Nemendur hafa einnig komið að mótun afmarkaðra þátta í skólastarfinu.

1.3 Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Hóparnir eru sammála um að gott verklag sé varðandi skipurit skólans sem endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks. Erindi frá kennurum berast oft inn á stjórnendafund gegnum millistjórnendur (sviðsstjórar). Eitthvað ber hins vegar á því að kennarar leita beint til aðstoðar- eða skólameistara um málefni sem hefði verið hægt að leysa hjá áfangastjóra eða næsta yfirmanni sem samkvæmt skipuriti er sviðsstjóri eða fagstjóri.⁵

Stefna skólans, sem kemur fram í skólanámskrá, endurspeglar áherslu og starfshætti hans. Matsnefnd skólans kannar reglulega hvort unnið sé samkvæmt verklagsreglum.⁶

1.4 Um innra mat

Matsnefnd skólans sér um innra mat á skólastarfinu. Ákveðnir þættir eru metnir á hverri önn svo sem kennsla og kennsluhættir en aðrir þættir eru metnir samkvæmt ákveðnu fyrirfram skipulögðu ferli eða matshring⁷ og eru það þættir svo sem líðan nemenda og kennara, störf stjórnenda, móttaka nýrra kennara, störf annarra starfsmanna en kennara og viðhorf til mótuneytis. Hóparnir eru sammála um að gagnaöflun, greining og þátttaka hagsmunaaðila fullnægi kröfum og að innra mat sé markvisst notað til að þróa skólastarf og greina veikleika og styrkleika í skólastarfinu. Þó telja hóparnir að endurskoða megi matstæki í innra mati.

³ <http://www.sfr.is/kaup-og-kjor/kannanir/stofnun-arsins-2016/>

⁴ <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/foreldrafelag/logforeldrafelagsfs>

⁵ <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skipurrit>

⁶ <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/mat-a-skolastarfi>

⁷ <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/mat-a-skolastarfi>

2 Kennsla og námsframboð

2.1 Um nám og kennslu

Samkvæmt könnun matsnefndar sem gerð var á haustönn 2014 kom fram að námsmat og kennsluhættir eru fjölbreyttir eins og sjá má í skólaskýrslu 2014-2015.⁸ Við skólann eru nær allir kennarar fagmenntaðir í sinni kennslugrein og 90% þeirra með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Kennsluhættir í Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru til þess fallnir að koma við móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu enda er FS fjölbrautaskóli með mjög fjölbreytt námsframboð bæði í bóklegum og verklegum greinum svo og fyrir nemendur með sérþarfir. Í kennslumati kemur fram að nemendur telja kennslustundir í FS vera vel skipulagðar og að kennslutíminn sé vel nýttur.⁹ Góður vinnufriður virðist vera í kennslustundum, en það kemur fram í kennslukönnun sem nemendur svara á hverri önn, og í svörun á vorönn 2016 segja nemendur að góður vinnuandi ríki og gefa einkunn 4.02-4,36 af 5 mögulegum um að þeim líði vel í áfanganum.¹⁰

Matshóparnir telja að kennsluhættir í skólanum hvetji til virkrar þátttöku og sjálfstæðra vinnubragða nemenda. Hóparnir eru sammála því að gera þurfi betur í að þjálfva nemendur í gagnrýninni hugsun, tjáningu og að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

2.2 Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur

Skólinn starfrækir starfsbraut skv. lögum nr. 80/1996 sem heimila stofnun sérstaka deilda við framhaldsskóla sem bjóða fötluðum nemendum nám við hæfi. Nemendur með sérþarfir fá stuðning og þjónustu til að stunda sitt nám.

Námsráðgjafar bjóða uppá fjölbreytt námskeið, s.s. námstækninámskeið og prófkvíðanámskeið og stuðning við nemendur sem þurfa á slíku að halda. Þá er komið til móts við nemendur með sérþarfir er tengjast kvíða eða leshömlunum með upplestri prófa, mismunandi lettri, lit og stærð prófblaða, lengdum prófatíma og möguleika á því að taka próf í fámennum stofum.

Þá hefur skólinn ráðið sálfræðinga til starfa en þeir veita ráðgjöf og sinna þeim nemendum sem þurfa sálfræðiaðstoð. Einnig er hjúkrunarfræðingur starfandi við skólann sem sinnir fjölbreyttum úrlausnarefnum er tengjast nemendum.

Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur (síður verknámsnemendur) við að komast í starfsþjálfun eða sér alfarið um það eftir því sem kröfur eru gerðar til.

⁸ <http://www.fss.is/images/Skolinn/skyrslur/Skolaskyrsla2014-2015.pdf>

⁹ Fylgiskjal 1 og fylgiskjal 2

¹⁰ Fylgiskjal 1 og fylgiskjal 2

2.3 Um námsmat

Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvarða. Námsmat og námsmatskvarðar eru birtir í kennsluáætlunum sem eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.¹¹

Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár en markmið hvers áfanga eru einnig birta í kennsluáætlun. Um þetta eru hóparnir sammála og telja verklag og kröfur í góðu lagi.

Kennarar fá niðurstöður um brotthvarf, fall, einkunnir og mætingu nemenda í sínum áföngum á hverri önn. Vorið 2016 voru búnir til ákveðnir verkferlar fyrir kennara og stjórnendur þar sem frávikin eru skoðuð sérstaklega. Skólinn bindur vonir við að þetta vinnulag skili bættum árangri.

2.4 Um kennara

Hluti kennarahópsins sækir sér endurmenntun á hverju ári til þess að viðhalda og auka hæfni sína í starfi. Þetta má lesa í skólaskýrslu 2013-2014 og 2014-2015.¹² Um þetta eru hóparnir sammála. Kennarar sem hafa vilja og áhuga til nýbreytni í kennslu fá tækifæri, stuðning og hvatningu frá stjórnendum. Samráðs- og fagfundir eru reglulega við skólann þannig að kennarar fá tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans eða utan kjósi þeir svo. Matsnefnd skólans framkvæmir kennslumat hjá hverjum kennara skólans að meðaltali þriðju hverja önn þar sem nemendur eru spurðir um nám sitt, kennslu og kennsluhætti kennara í hverjum áfanga. Þessu kennslumati fylgir svo starfsmannaviðtal hjá skólameistara eða aðstoðarskólameistara þar sem niðurstöður kennslumats eru lagðar til grundvallar. Hins vegar skortir e.t.v. á að kennarar fái reglulega endurgjöf á kennslu sína frá öðrum kennurum.

2.5 Um námsgögn

Hóparnir telja kennslugögn mjög góð eða góð og í samræmi við kröfur. Skólinn notar námsumsjónarkerfið Moodle¹³ með virkum hætti til að miðla námsgögnum til nemenda og halda utan um einkunnir og skil á verkefnum. Í sjálfsmatsskýrslu skólans frá því síðastliðið vor kemur fram að hlutfall kennara sem nota Moodle er yfir 80%. Skólinn notar rafræn námsgögn þar sem þau eru fánleg svo sem í kennslu á iðnbrautum.

Hóparnir eru sammála um að FS hafi yfir að ráða góðum eða mjög góðum námsgögnum sem fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til kennslu og einnig búnaði og hjálpartækjum til verklegar og bóklegar kennslu. Bókasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skólans.¹⁴

¹¹ <http://www.fss.is/index.php/oennin/kennsluaetlanir>

¹² <http://www.fss.is/images/Skolinn/skyrslur/Skolaskyrsla2014-2015.pdf> ;
<http://www.fss.is/images/Skolinn/skyrslur/Skolaskyrsla2013-2014.pdf>

¹³ <http://k.fss.is/>

¹⁴ <http://www.fss.is/index.php/thjonusta/bokasafn/umsafnid>

3 Samskipti og líðan

3.1 Um skólabrag

Hóparnir eru sammála um að samskipti nemenda og kennara/starfsfólks og starfsfólks innbyrðis einkennist af jákvæðni og virðingu og að andrúmsloft í skólanum sé almennt þægilegt og afslappað. Í könnun SFR um fyrirmyndarstofnun fékk FS einkunn 4.71 af fimm mögulegum þegar spurt var um starfsanda.¹⁵ Í kennslukönnun, sem gerð er á hverri önn, er einnig spurt um þessi atriði og í þeirri könnun er einnig spurt um líðan nemenda í þeim áföngum sem þeir sitja. Haustið 2013 var gerð könnun á líðan nemenda í grunnáföngum m.t.t. brottfallshættu og kom þar einnig fram að almennt líður nemendum vel.¹⁶ Ef um kvartanir eða brot á skólareglum er að ræða er farið eftir ákveðnu ferli sem kynnt er á heimasíðu FS.¹⁷

3.2 Um samskipti í skólastofunni

Matshóparnir telja að góður andi ríki í skólastofunni. Samskipti nemenda innbyrðis einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu og á hið sama við um samskipti nemenda og kennara. Hóparnir telja að skólinn komi gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur jafnt innan sem utan skólastofunnar.

3.3 Um félagslíf nemenda

Nemendafélag skólans NFS heldur uppi félagsstarfi fyrir nemendur. Nokkuð gott samstarf er á milli NFS og stjórnenda skólans og styður skólinn við félagsstarf nemenda. Ávallt er ráðinn félagslífsfulltrúi og forvarnafulltrúi að hausti og vinna þeir með nemendafélaginu. Þeir eru einnig tengiliðir við stjórnendur.¹⁸ Upplýsingar um alla viðburði á vegum nemendafélagsins eru sendar rafrænt til forráðamanna ólögráða nemenda.

3.4 Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Við skólann starfar foreldrafélag.¹⁹ Foreldrafélagið styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda. Foreldrar/forráðamenn nemenda undir 18 ára eru vel upplýstir um skólastarfið og fá þeir reglulega sendar upplýsingar frá skólanum um það sem er efst á baugi hverju sinni. Foreldrar/forráðamenn fá send fjarvistayfirlit barna sinna reglulega.

¹⁵ <http://www.sfr.is/kaup-og-kjor/kannanir/stofnun-arsins-2016/adaltoflur-2016/>

¹⁶ <http://www.fss.is/images/Skolinn/skyrslur/Skolaskyrsla2012-2013.pdf>

¹⁷ <http://www.fss.is/index.php/skolinn/almennar-upplýsingar/afgreidhsla-kvartana>

¹⁸ <http://www.fss.is/index.php/skolinn/almennar-upplýsingar/felagslif>

¹⁹ <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/foreldrafelag/foreldrafelag>

3.5 Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mikil samskipti eru á milli grunnskóla á svæðinu og FS. Stjórnendur þessara tveggja skólastiga funda að minnsta kosti tvisvar á ári. Kennarar í kjarnagreinum funda eftir þörfum með grunnskólakennurum sem kenna sömu greinar til að samræma nám og námskröfur skólastiganna. Kennarar á starfsbraut gera yfirfærsluáætlun fyrir fatlaða nemendur í samstarfi við grunnskólakennara. Námsráðgjafar eru virkir í samskiptum við grunnskóla svæðisins og felst það í reglulegum námskynningum og upplýsingamiðlun. Nemendur úr grunnskólum geta sótt nám í FS samhliða námi í grunnskólum og hefur það verið vel nýtt. Þá hefur FS verið í samstarfi við Keili, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Fisktækniskólann í Grindavík.²⁰ Skólastjórnendur hafa kannað í gegnum árin stöðuna hjá útskrifuðum nemendum sem eru í háskólanámi. Gott samstarf er á milli skólans og atvinnulífsins á mörgum sviðum. Má þar nefna menntun á heilbrigðissviði en þar hefur verið gerður formlegur samningur við LHS og HSS og skólann varðandi verknám og starfsþjálfun sjúkraliðanema. Auk þess má nefna starfsþjálfun á starfsbraut, á stuttum starfsnámsbrautum og samvinnu við leikskóla á svæðinu.

4 Húsnæði og aðbúnaður

4.1 Mat á húsbúnaði og aðbúnaði

Húsnæði skólans er á mismunandi aldri og hefur verið byggt við hann fjórum sinnum frá stofnun 1976. Öll starfsemi skólans er nú undir sama þaki fyrir utan kennslu í íþróttum. Kennsluhúsnæði er frekar þröngt og sárlega vantar stærra alrými fyrir nemendur skólans. Aukið rými þyrfti fyrir sérkennslu og kennslu í verklegum þáttum. Lögð hefur verið áhersla á að húsnæðið sé snyrtilegt og hlýlegt t.d. með litavali og kaupum á listaverkum og áherslu á góða umgengni starfsmanna og nemenda.

Aðstaða nemenda í FS er of lítil og hafa þeir einungis matsal skólans til afnota sem félagsaðstöðu. Sótt var um stækkun á félagsrými nemenda vorið 2015 bæði til MRN og sveitafélaganna á Suðurnesjum og var vonast til að hægt væri að taka þá stækkun í notkun á 40 ára afmæli skólans nú í haust, en ekki hafa enn borist svör við umsókninni frá MRN.²¹

Vinnuaðstaða kennara er í sameiginlegu opnu rými þar sem hver og einn hefur sína vinnustöð. Þá hafa kennarar og annað starfsfólk setustofu/kaffistofu þar sem lögð er áhersla á að fólk geti hvílt sig í notalegu umhverfi. Mötuneyti skólans er rekið á vegum skólans og er sameiginlegt nemendum og kennurum. Matsalur kennara er afmarkaður en nemendur matast í rými sem einnig er nýtt sem samkomusalur. Skólinn hefur lagt áherslu á að tölvubúnaður sé góður og fær hver kennari fartölvu til afnota. Þó má geta þess að vegna fjárskorts hefur ekki verið hægt að endurnýja tækjabúnað eins og menn

²⁰ <http://www.fss.is/images/Skolinn/skyrslur/Sjalfsmatsskyrsla2014-2015.pdf> bls. 8

²¹ <http://www.fss.is/images/Skolinn/skyrslur/Sjalfsmatsskyrsla2014-2015.pdf> bls. 6

vildu. Langflestar kennslustofur eru útbúnar með borðtölvu, skjávarpa og nokkrar með gagnvirkum töflum. Fimm sérstakar tölvustofur eru í skólanum og fjórir fartölvuvagnar sem hægt er að nýta í öllum kennslustofum. Tölvubúnaður vélstjórnar er til fyrirmyndar en þar eru tölvur fyrir hvern nemanda og aðgangur að fullkomnum kennsluforritum.

5 Lykilárangur

5.1 Um námsárangur

Í viðmiðum um markmið skólans kemur fram að nemendur telja nám og kennslu góða.²² Hóparnir eru nokkuð sammála þessu og telja viðmið vel uppfyllt miðað við ákvæði og kröfur laga og reglugerða. Skólinn hefur sett sér það markmið að brotthvarfið sé ekki meira en 10% og á vorönn 2015 var það 10,3%.²³ Skólinn fékk styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu vorið 2016 til að sporna gegn brotthvarfi. Eftir ítarlega skoðun var ákveðið að styrkurinn færi í það að ráða verkefnastjóra í 50% starf og sálfræðinga í 50% starf. Þetta kemur til viðbótar námsráðgjöf og aðhaldi frá mætingastjóra. Í lok skólaárs verður árangurinn metinn.

5.2 Um árangur í grunnþáttum

Matshópar telja að nemendur ...

- hafi tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.
- séu skapandi í hugsun og sýni frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.
- hafi skilning á og sýni virðingu fyrir jafnrétti.
- beri ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.
- hafi skilning á sjálfbærni og séu meðvitaðir um umhverfi sitt.

Skólinn tók þátt í verkefni Landlæknisembættisins um heilsueflandi framhaldsskóla þar sem lögð var áhersla á fræðslu og þátttöku nemenda í verkefnum sem sneru að mataræði, hreyfingu, lífsstíl og geðrækt.²⁴

5.3 Um langtímaárangur

Skólinn kannar með óformlegum hætti hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum og hvort þeir ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi eftir eðli náms. Skólinn leitast við að laga sig að breyttum kröfum og aðstæðum.

²² <http://www.fss.is/images/Skolinn/skyrslur/Sjalfsmatsskyrsla2014-2015.pdf>

²³ <http://www.fss.is/images/Skolinn/skyrslur/Sjalfsmatsskyrsla2014-2015.pdf>

²⁴ <http://www.fss.is/images/Skolinn/skyrslur/Skolaskyrsla2014-2015.pdf> bls. 7

6 Tillögur til úrbóta

6.1.1 Stjórnun og skipulag

Vinnuhóparnir leggja til að leitað verði leiða til að virkja nemendur betur við mótun skólastefnunnar. Halda má nemendaping þar sem farið er yfir ákveðna þætti skólastefnunnar hverju sinni. Í framhaldi af þeim má hafa rýnihópa sem færu yfir niðurstöðurnar.

Einnig er lagt til að foreldrar/foreldrafélag verði virkjað betur til samstarfs um stefnumótun skólans og framkvæmd stefnunnar. Erfiðlega hefur gengið að virkja foreldrafélagið en við munum ekki gefast upp á því.

Lagt er til að spurningalisti, sem notaður er við kennslumat, verði endurskoðaður með tilliti til breytinga sem hafa orðið á skipulagi kennslu frá því að listinn var tekinn í notkun. Má í því sambandi nefna spurningar um kennsluáætlun og skipulag kennslunnar.

Lagt er til að stefna skólans og áætlanir verði betur kynntar á kennarafundum og/eða sviðsfundum. Kynna þarf reglulega fyrir kennurum hvar þessi atriði er að finna á heimasíðu skólans, en það eru til dæmis skólaskýrsla, meðaltal úr niðurstöðum kennslumats og sjálfsmatskýrsla skólans.

6.1.2 Kennsla og námsframboð

Hóparnir eru sammála því að bæta þurfi þjálfun nemenda í gagnrýnni hugsun, tjáningu og að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þó hefur verið unnið markvisst að þessum málum við gerð nýrra áfanga í nýrri námskrá þar sem aðaláherslan er á vinnubrögð og tjáningu. Hvetja skal kennara í öllum áföngum til að auka þjálfun nemenda í að tjá sig um námsefnið og skoðanir sínar á sem fjölbreyttastan hátt. Kanna á vorönn 2017 hversu hátt hlutfall kennara nota Moodle kerfið í kennslu.

6.1.3 Húsnæði og húsbúnaður

Lögð verður áhersla á að viðhalda húsbúnaði og tækjabúnaði eins og efni leyfa þannig að aðbúnaður kennara og nemenda sé eins og best verður á kosið hverju sinni.

Húsnæði skólans er að sumu leyti orðið of lítið og á það sérstaklega við um félagsrými nemenda sem bráðliggur á að stækka. Fyrir liggur áætlun um stækkun sem sveitafélögin á svæðinu hafa samþykkt en áfram verður þrýst á Mennta- og menningarmálaráðuneytið að leggja til fjármuni svo hefjast megi handa við stækkun rýmisins.

6.1.4 Lykilárangur

Áfram verður unnið að því að sporna gegn brotthvarfi svo viðmið skólans náist. Styrkur frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu var nýttur til þess að ráða verkefnastjóra í 50% starf en hlutverk hans er að halda utan um nemendur sem talið er að séu í brotthvarfshættu. Þá voru ráðnir sálfræðingar í 50% starf til að sinna nemendum sem eiga við andleg vandamál að stríða

s.s. kvíða og þunglyndi sem rannsóknir sýna að sé áhættuþáttur þegar kemur að brotthvarfi. Árangur þessara starfa verður metinn að loknum ráðningartímanum. Áfram verður lögð áhersla á að námsráðgjafar séu í góðum tengslum við nemendur og kalli til sín nýnema í stutt viðtal á fyrstu önn.

Stefnt verður að því að kanna formlega gengi útskrifaðra nemenda með því að senda reglulega út spurningalista í tölvupósti auk þess að ræða við útskrifaða nemendur í HÍ og HR.

Fylgst er með gengi verknámsnemenda á sveinsprófum.

Lokaorð


Nánar má lesa um einstaka þætti þjónustunnar og annað í skólastarfinu í skólaskýrslunni sem er á heimasíðu skólans. Þar er meðal annars að finna skýrslur allra sviða, bókasafns og þeirra starfsmanna sem gegna sérstörfum.



Könnun á kennslu og kennsluháttum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja haustönn 2015

Vinsamlegast takið afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga með því að merkja í viðeigandi reiti Meðaltal samr sammm. né ósam ósam

		Meðaltal	5	4	3	2	1
1	Ég sinni náminu vel í þessum áfanga	4.05	5	4	3	2	1
2	Kennarinn er stundvís	4.6	5	4	3	2	1
3	Ég tel að kennarinn undirbúi kennslustundirnar vel	4.43	5	4	3	2	1
4	Ég nota kennsluáætlun áfangans til að skipuleggja námið	2.85	5	4	3	2	1
5	Kennarinn fylgir kennsluáætlun og lætur mig vita ef hún breytist	4.01	5	4	3	2	1
6	Ég er sáttur við framkomu kennarans	4.4	5	4	3	2	1
7	Í þessum áfanga er góður vinuandi	4.13	5	4	3	2	1
8	Kennarinn fylgist vel með hvernig mér gengur í áfanganum	3.95	5	4	3	2	1
9	Kennarinn gefur mér góð ráð til að bæta námsárangur minn	3.86	5	4	3	2	1
10	Próf og/eða verkefni áfangans eru í samræmi við áherslur í yfirferð	4.24	5	4	3	2	1
11	Mér finnast útskýringar kennarans góðar	4.17	5	4	3	2	1
12	Mér finnast kennsluáðferðir kennarans árangursríkar	4.06	5	4	3	2	1
13	Kennarinn hvetur mig áfram í náminu	3.95	5	4	3	2	1
14	Kennarinn hrósar mér fyrir það sem ég geri vel	4.02	5	4	3	2	1
15	Mér finnst heimanám í áfanganum of mikið miðað við aðra áfanga sem ég er í	2.56	5	4	3	2	1
16	Kennarinn nýtir kennslustundir vel til kennslu	4.35	5	4	3	2	1
17	Mér líður vel í þessum áfanga	4.22	5	4	3	2	1
Annað:							
Meðaltal allra spurninga haust 2015 er:		3.99					
Meðaltal allra spurninga, nema 1, 4 og 15, vor 2015 er:		4.17					



Könnun á kennslu og kennsluháttum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja vorönn 2016

Vinsamlegast takið afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga með því að merkja í viðeigandi reiti

		Meðaltal	samir	samm.	nér	ósamr.	ósamr.
1	Ég sinni náminu vel í þessum áfanga	3.96	5	4	3	2	1
2	Kennarinn er stundvís	4.52	5	4	3	2	1
3	Ég tel að kennarinn undirbúi kennslustundirnar vel	4.37	5	4	3	2	1
4	Ég nota kennsluáætlun áfangans til að skipuleggja námið	2.81	5	4	3	2	1
5	Kennarinn fylgir kennsluáætlun og lætur mig vita ef hún breytist	4.05	5	4	3	2	1
6	Ég er sáttur við framkomu kennarans	4.35	5	4	3	2	1
7	Í þessum áfanga er góður vinnuandi	4.02	5	4	3	2	1
8	Kennarinn fylgist vel með hvernig mér gengur í áfanganum	3.94	5	4	3	2	1
9	Kennarinn gefur mér góð ráð til að bæta námsárangur minn	3.81	5	4	3	2	1
10	Próf og/eða verkefni áfangans eru í samræmi við áherslur í yfirferð	4.26	5	4	3	2	1
11	Mér finnast útskýringar kennarans góðar	4.14	5	4	3	2	1
12	Mér finnast kennsluaðferðir kennarans árangursríkar	3.98	5	4	3	2	1
13	Kennarinn hvetur mig áfram í náminu	3.87	5	4	3	2	1
14	Kennarinn hrósar mér fyrir það sem ég geri vel	3.99	5	4	3	2	1
15	Mér finnst heimanám í áfanganum of mikið miðað við aðra áfanga sem ég er í	2.53	5	4	3	2	1
16	Kennarinn nýtir kennslustundir vel til kennslu	4.3	5	4	3	2	1
17	Mér líður vel í þessum áfanga	4.26	5	4	3	2	1
Annað:							
Meðaltal allra spurninga vor 2016 er:		3.95					
Meðaltal allra spurninga, nema 1, 4 og 15, vor 2016 er:		4.13					